

Fundur í skipulags- bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps

mánudaginn 8. febrúar 2010 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsiða að stærð.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Eiríkur Kristjánsson, Sveinn Ragnarsson, Bogi Kristinsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fundinn.

Dagskrá:

1. **1001009** Bréf dags. 1. febrúar s.l. frá Skipulagsstofnun um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps í Bjarkalundi og Flatey. Nefndin hefur tekið tillit til athugasemda frá Skipulagsstofnun og er málið í vinnslu.
2. **1001022** Umsókn dags. 25. janúar s.l. frá Viktoríu Rán Ólafsdóttur og Hlyni Gunnarssyni um leyfi til að flytja gamla íbúðarhúsið á Miðhúsum að Svanshóli í Bjarnarfirði. Erindið samþykkt.
3. **1002005** Umsókn dags. 30. jan. s.l. frá Hafliða V. Ólafssyni um leyfi til að byggja 25 m² hús í Garpsdalsey. Tekið er jákvætt í erindið. Afgreiðslu frestað og byggingafulltrúa falið að leita umsagna viðkomandi stofnana sem að málinu koma.

Önnur mál.

1. **1002016** Bréf dags. 8. febrúar frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu með ósk um umsögn/samþykki á landskiptum á 1920 m² lóð með landnúmeri 139686, sem er undir kirkju- og kirkjugarð út úr jörðinni Stað II, landnúmer 139685, Reykhólahreppi. Nefndin vísar í afgreiðslu hreppsnefndar Reykhólahrepps á fundi þann 17. janúar 2008 og svarbréf til Ráðuneytisins dags. 31. janúar 2008 og tekur undir þá afgreiðslu.
2. **1002011** Tölvupóstur dags. 8. febrúar frá Bergþóri Jóhannssyni fyrir hönd eigenda Kollabúða með ósk um að gamalt íbúðarhús á Kollabúðum verði hér eftir skráð sem geymsluhúsnæði. Fastanúmer 212-2336. Erindið samþykkt með fyrirvara um samþykki eigenda fasteignarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:15.

Egill Sigurgeirsson (sign) Eiríkur Kristjánsson (sign) Sveinn Ragnarsson (sign)
Bogi Kristinsson (sign) Óskar Steingrímsson (sign)